

**REGLUR****um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.**

1. Við silungsveiði í sjó má nota lagnet, sem lögð eru út frá strönd. Festa má ytri enda þeirra við stjóra í botni.
2. Bil milli silungsneti í sjó skal vera minnst 100 m eftir endilangri strönd, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neta eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur, hvoru megin sunds, sem net liggur.
3. Merkja skal silunganet í sjó. Skal veiðieftirlitsmaðurinn annast merkinguna.
4. Veiða má göngusilung í lagnet í sjó frá 1. apríl til 15. maí og frá 1. ágúst til 20. september ár hvert.
5. Reglur þessar eru settar skv. heimild í IV. kafla laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og varða refsingu skv. XVI. kafla þeirra laga. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 24. júlí 1980.*

**Pálmi Jónsson.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

Nr. 455.

25. júlí 1980.

**G J A L D S K R Á****Iðntæknistofnunar Íslands yfir rannsóknir og tækniþjónustu.****1. gr.****1.1 Efnagreiningaþjónusta.**

Til grundvallar eru: (fyrir verkefni vegna innlends iðnaðar skal gefinn 30% afsláttur).

	Frá 1. júní 1980	
	kr./tíma	
	kr./tíma	m/30% afsl.
A.2. Sérfræðingstími með tækjanotkun eða tilraunaaðstöðu ..		
15.84 .....		
(BHM-111-5, mán. laun) x $\frac{15.84}{1000}$ x 1.4 .....	13 406	9 384
A.4. Rannsóknamannstími með tækjanotk. eða tilraunaaðstöðu		
15.84 .....		
(BSRB-014-3, mán.laun) x $\frac{15.84}{1000}$ x 1.4 .....	10 533	7 373

**1.1.1. Matvæli, fóðurefni o. fl.**

	tímaein.	kr.	m/30% afsl.
Sykurefni (með aðferð Fehlings) .....	0.6	6 320	4 424
Sterkja (í kjötmeti) .....	0.9	9 480	6 636
Kalsíum .....	0.5	5 267	3 687
Fosfór .....	0.5	5 267	3 687
Aska .....	0.3	3 160	2 212

	tímaein.	kr.	m/30% afsl.
Salt .....	0.3	3 160	2 212
Vatn .....	0.3	3 160	2 212
Fita (með Soxhlet) .....	0.4	4 213	2 949
Ammoníak .....	0.3	3 160	2 212
Natríum nítít .....	0.6	6 320	4 424
Protein (Kjeldahl) .....	0.6	6 320	4 424
Meltanlegt protein .....	1.0	10 533	7 373
Tréni (aðferð Weende) .....	0.6	6 320	4 424
Vatn, aska, protein, fita, tréni .....	1.7	17 906	12 534
Vatn, aska, protein, fita, tréni, meltanlegt protein, Ca, Mg, Na, P .....	3.9	41 079	28 755

### 1.1.2. Vatn, (drykkjarvatn, heitt jarðvatn).

Ammoníak .....	0.3	3 160	2 212
Permanganattala .....	0.4	4 213	2 949
Brennisteinsvetni .....	0.4	4 213	2 949
Flúoríð .....	0.4	4 213	2 949
Járn .....	0.4	4 213	2 949
NH <sub>3</sub> , NO <sub>3</sub> og NO <sub>x</sub> (kvalitatíf prófun) .....	0.4	4 213	2 949
Harka .....	0.4	4 213	2 949
Karbónat og bikarbónat .....	0.3	3 160	2 212
Klóríð .....	0.3	3 160	2 212
Kísilsýra .....	0.6	6 320	4 424
Kalsíum og magníum .....	0.8	8 426	5 898
Natríum og kalíum .....	0.8	8 426	5 898
Steinefni, uppleyst .....	0.5	5 267	3 687
Steinefni, óuppleyst .....	0.3	3 160	2 212
Súlfat .....	0.5	5 267	3 687
Súrefni .....	0.4	4 213	2 949
Sýrustig, pH .....	0.3	3 160	2 212
Viðnám rafmagns .....	0.3	3 160	2 212

### 1.1.3. Aðrar efnagreiningar.

Aðrar efnagreiningar en þær, sem að framan greinir, greiðast samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

## 1.2. Efnisprófanir.

### 1.2.1. Togþolsmælingar.

Togþolsmælingar, lágmarksgjald 0.6 tímaeiningar skv. A. 4./sýni. Ef um margar prófanir er að ræða, þá er tímataxti skv. A.4.

### 1.2.2. Ljósþolsmælingar.

300 tíma ljósþolsprófun, 1 tímaeining skv. A.2./sýni (aðeins prófunin á tilbúnu sýni án undirbúnings, skoðunar og umsagnar).

	kr.	m/30% afsl.
	13 406	9 384

### 1.2.3. Veðrunarmælingar.

1000 tíma veðrunarprófun, 2.5 tímaeiningar skv. A.2./sýni (aðeins prófunin á tilbúnu sýni án undir-

		kr.	kr.
			m/30% afsl.
búnings, skoðunar og umsagnar) .....		33 515	23 461

#### 1.2.4. Aðrar efnisprófanir.

Aðrar efnisprófanir en þær, sem að framan greinir, greiðast samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

#### 1.3. Önnur tækniþjónusta.

Ráðgjafarstörf, hæfnispróf í málmsuðu, málmsuðupjálfun og önnur áþekk þjónusta greiðist samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

#### 2. gr.

Gjaldskráin er miðuð við áætlaða tímapörf rannsókna og prófana. Ef um sérstæð verk er að ræða skal verðleggja rannsókn samkvæmt tímapörf hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 41, 18. maí 1978 um Iðntæknistofnun Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Iðntæknistofnunar Íslands sama efnis nr. 337, frá 22. sept. 1978.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1980.*

**F. h. r.**

**Árni Þ. Árnason.**

*Jafet S. Ólafsson.*

## L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Gullbringusýslu.

### I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

#### 1. gr.

Uppþot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé og óþæginda fyrir umferð eða vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvangatorg og bryggjur, svo og afgreiðslustaðir bifreiða. Um hvers kyns samkomuhús, svo sem veitingahús og leikhús, sölubúðir, opinberar skrifstofur o. s. frv. gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

#### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem löggæslumaður eða umsjónarmaður sefur til að varðveita góða reglu.